

Umsögn með máli nr. 25 á kirkjuþingi 2022-2023.**Frá stjórn Prestafélags Íslands.**

Grundvallar breytingar á launafyrirkomulagi presta verða ekki gerðar án aðkomu Prestafélagsins, sem semur um kaup og kjör fyrir hönd presta Þjóðkirkjunnar. Prestafélagið er hagsmuna- og stéttarfélag presta Þjóðkirkjunnar og á að hafa aðkomu að öllum málum sem fjalla beint um kjör þeirra. Kirkjuþingi er ekki heimilit að breyta samningsbundnum launatöflum eða öðru þeim tengdu án aðkomu viðkomandi stéttfélags. Stjórn Prestafélags Íslands telur mikilvægt að kjör starfsmanna Þjóðkirkjunnar séu til umræðu á vettvangi þeirra kjaranefndar eða launanefndar sem kirkjuþing skipar hverju sinni.

Endurtekin afskipti af eðlilegum og löglegum viðræðum kjaranefndar kirkjuþings og Prestafélagsins skapa óvissu um raunverulegt umboð kjaranefndar kirkjuþings til samninga. Prestafélagið mótmælir því að kjör presta séu til umræðu á kirkjuþingi þrátt fyrir meginreglu þess efnis að launakjör séu rædd við samningaborðið og ekki einhliða á vegum vinnuveitenda. Prestafélagið leggur til að tillögunni sé hafnað eða vísað frá. Jafnframt ósakar Prestafélagið eftir því að samningarnefndir kirkjuþings og Prestafélagsins fái frið til að vinna að kjarasamningi presta við Þjóðkirkjuna.

F.h. stjórnar Prestafélags Íslands

Eva Björk Valdimarsdóttir, starfandi formaður.

Jón Ómar Gunnarsson, kjaramálafulltrúi.